

37. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 11. janúar 1996, að Eyravegi 8, kl. 10.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Mál 2, sem frestað var á síðasta fundi.

Fram kom eftirfarandi tillaga:

“Vegna ágreinings Sorpstöðvar Suðurlands og hreppsnefndar Ölfushrepps um sorpurðunarmóttöku frá aðilum utan Suðurlands, gerir stjórn Sorpstöðvarinnar eftirfarandi samþykkt:

Sorpurðunarsvæði Suðurlands er fyrst og fremst fyrir Suðurland og íbúa þess og mun stjórnin ekki standa að samningum við aðila utan héraðs um móttöku á sorpi, nema aðalfundur taki ákvörðun um annað.

Þó er framkvæmdastjóra heimilt, vegna þeirra samninga og samningsdraga sem gerð hafa verið, að taka við allt að tuttugu 40 rúmmetra gámum af sorpi á viku frá aðilum utan héraðs til loka ársins 1997.

Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að segja upp öllum slíkum samningum með löglegum fyrirvara fyrir þann tíma.

Þá mun stjórnin láta gera sérstaka samanburðarúttekt á rekstri og umhverfis-áhrifum Sorpstöðvarinnar, þannig að hægt verði að upplýsa eigendur og viðskiptavinum hennar, á aðalfundi 1997, hvers kostnaðar megi vænta af rekstri Sorpstöðvarinnar í framtíðinni.

Tillagan var samþykkt en Guðmundur Hermannsson sat hjá.

2. Gjaldskrá og fjárhagsáætlun 1996.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá.

Þorvarði og Guðmundi Inga Gunnlaugssyni falið að leggja fram nýja tillögu á næsta stjórnarfundum, 23. janúar, þar sem einnig verði gert ráð fyrir sérstöku afgreiðslugjaldi. Jafnframt verði gengið frá fjárhagsáætlun á þeim fundi.

3. Lögð fram nokkur erindi vegna málareksturs eigenda Hvalsbrúnar á hendur Ölfushreppi vegna sorpurðunarsvæðisins í Kirkjuferjuháleigu.

Til kynningar.

4. Lögð fram greinargerð lögmanns eigenda Auðsholts vegna málareksturs þeirra á hendur Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.
Þorvarður Hjaltason.